

Byggðastofnun
Sauðármýri 2
550 Sauðárkróki

Norðurlandi vestra, 28. september 2021

Umsögn; Skilgreining opinberrar þjónustu og jöfnun aðgengis.

Vísað er til máls nr. 157/2021 í Samráðsgátt stjórnvalda, birt þann 19. ágúst 2021 með umsagnarfrest til 1. október 2021.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) hefur kynnt sér vinnu þá sem sett er fram í drögum að nýrri skilgreiningu á grunnþjónustu hins opinbera, rétti fólks til opinberrar grunnþjónustu og skilgreiningu á aðgengi fólks. Vill stjórn samtakanna byrja á að lýsa yfir ánægju með þá vinnu sem fram hefur farið af hálfu Byggðastofnunar og því víðtæka samráði sem viðhaft var. Lengi hefur verið þörf á vinnu af þessum toga til að samræma megi væntingar íbúa og ríkisvaldsins til þeirrar þjónustu sem veitt er á landsbyggðunum.

Lykilatriðið er það sem fram kemur í upphafskafla skjalsins, að: *skipulag grunnþjónustu miðast að því að takmarka þörf á ferðalögum íbúa til að sækja þjónustuna og hafi þannig jákvæð áhrif á öryggi íbúa og lágmarki kostnað og neikvæð umhverfisáhrif.* Með þessu er verið að segja að þörf skýrra skilgreininga er ekki einasta mikil með tilliti til byggðasjónarmiða heldur einnig hagkvæmnis-, umhverfis- og félagslegra sjónarmiða

Stjórn SSSNV vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum:

1. Í kafla um aðgengi að grunnþjónustu (bls. 1) kemur fram að íbúar eigi að *geta notið þjónustunnar án þess að til komi aukalegur kostnaður íbúa eða vinnuveitenda þeirra, tímasóun eða annar samfélagslegur kostnaður vegna búsetu.* Í núverandi kerfi eru verulegar takmarkanir á stuðningi vegna þjónustusóknar fjarri heimabyggð. Ef sérstaklega er fjallað um kostnað vegna lækniþjónustu má nefna niðurgreiðslu tveggja ferða á ári til sérfræðings. Lögð er áhersla á að komi til slíkra takmarkana á stuðning vegna ferðalaga til að sækja nauðsynlega þjónustu verði þær að vera með þeim hætti að raunverulegum kostnaði sé mætt.
2. Stjórn lýsir ánægju sinni með að í kafla um helstu hugtök- og hugtakanotkun (bls. 2) er tekið fram að byggðarlög utan höfuðborgarsvæðisins *séu mörg og hvert með sínu sniði.* Um er að ræða mikilvægt atriði í umræðu um landsbyggðirnar þar sem þær eru ekki, og verða aldrei, steypar í sama móti og til þess verður að taka tillit.
3. Í kafla um opinbera grunnþjónustu (bls. 2) er sett fram það sjónarmið sem fram kom hjá landshlutasamtökum í vinnu við gerð skjalsins að *grunnþjónusta sé ekki það*

sama og lágmarksþjónusta eða nærþjónusta og að íbúar geri ekki alltaf skýran greinarmun á milli þjónustu ríkis og sveitarfélaga. Ástæða er til að hnykkja á þessu sjónarmiði og taka undir það sérstaklega.

4. Í kafla um stigskiptingu/lagskiptingu grunnþjónustunnar er fjallað um að útilokað sé að hafa alla þætti grunnþjónustu hins opinbera staðsetta á nærsvæði íbúanna. Á því ríkir fullur skilningur en þá þarf eins og kemur fram í sömu málsgrein að *bæta íbúum upp skert aðgengi með styrkjum til að sækja þjónustuna*. Í því samhengi er vert að nefna að sá kostnaður sem fellur til vegna þjónustusóknar utan nærsvæðis fellur ekki eingöngu á þann sem þjónustunnar nýtur heldur einnig á sveitarfélög og fyrirtæki sem þurfa t.d. að fá inn afleysingar í fjarveru starfsmanns sem sækir þjónustuna, hugsanlegu þjónustufalli vegna fjarveru o.s.frv. Leggja þarf mat á allan þann kostnað sem af fjarveru hlýst vegna sóknar í þjónustu utan nærsvæðis þegar metið er hvort borgar sig að veita þjónustuna á nærsvæði eða veita styrki til að sækja hana utan svæðis. Ef tekin eru dæmi um t.d. sérfræðiþjónustu lækna þá kann að vera hagkvæmara að ákveðnir lækna sæki reglulega ákveðna byggðakjarna heim í stað þess að greiða íbúum fyrir að sækja þjónustuna annarsstaðar. Þar má t.d. nefna þjónustu augnlækna, tannlækna, geðlækna eða annars konar sérfræðiþjónustu sem líkur eru á að margir á svæðinu þurfi að nýta sér reglulega til eftirlits.
5. Í beinu framhaldi af framangreindu verður að gæta þess að þar sem ekki er hagkvæmt að færa þjónustuna á nærsvæði íbúa, að kostnaðarauka þeirra af því að sækja þjónustuna annað verði mætt og þess gætt að komi til takmarkana/þaka að þau séu raunhæf sem þau eru ekki í dag líkt og komið var inn á hér að framan (í dag er t.d. miðað við 2 ferðir til sérfræðilæknis á ári að hámarki sem er allt of lítið).
6. Stjórn SSNV tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í umsögn Dalabyggðar þess efnis að skilgreining á grunnþjónustu megi ekki verða til þess að þjónusta skerðist á þeim svæðum sem í dag búa við meiri þjónustu en fram er sett í tillögu að stigskiptingu (bls. 6).
7. Í kafla um kortlagningu (bls. 6) kemur fram að kortleggja þurfi þá þjónustu sem í boði er í búsetukjörnum í kringum landið, hver tíðni notkunar á þjónustunni er og hver notar hana. Stjórn SSNV tekur undir mikilvægi þess að sú vinna fari fram og verði unnin reglulega til að varpa megi ljósi á þörf og kostnað. Mikilvægi Byggðastofnunar í öflun slíkra upplýsinga og annarra sem taldar eru upp í sama kafla er ótvírætt og nauðsynlegt að stofnuninni sé tryggt fjármagn til að halda áfram þeirri vinnu sem og markvissri miðlun hennar.
8. Í sama kafla (bls. 6) er einnig fjallað um þjónustubætti sem eru mikilvægir en þó ekki hluti af opinberri grunnþjónustu, svo sem lyfjaafgreiðsla, menningarstarfsemi og bensínafgreiðsla, einnig bankaþjónusta og bifreiðaskoðun. Á undanförnum árum hafa þau fyrirtæki sem þessar einingar reka fækkað starfsstöðvum víða um land sem skerðir þjónustu og samkeppnishæfni viðkomandi staða. Stjórn SSNV vill leggja áherslu á að fundnar verði leiðir til að slíkar breytingar verði gerðar í samráði við íbúa sem og með eðlilegum fyrirvörum þar sem þær reynast nauðsynlegar. Í þeim tilfellum þar sem þess er nokkur kostur verði jafnframt leitað leiða til að ákveðin þjónusta, sem telst mikilvæg en flokkast ekki sem opinber grunnþjónusta, verði studd með einhverjum hætti af hinu opinbera til að tryggja jafnræði og samkeppnishæfni byggðarlaga.
9. Í kafla um aðgengi að þjónustunni (bls. 7) er komið inn á mikilvægi þess að tekið sé mið

af heildarkostnaði samfélagsins í umræðu um grunnþjónustu líkt og þegar hefur verið nefnt. Stjórn SSNV tekur undir að þar sem stjórnvöld hafi lýst yfir að *verðmæti felist í því að landið allt sé í blómlegri byggð og að landsmenn hafi jafnan aðgang að þjónustu, atvinnutækifærum og góðum lífskjörum um land allt*, þá þýði það að fólk velji sér búsetu utan stærstu byggðakjarna landsins ekki að það afsali sér aðgengi og rétti til opinberrar grunnþjónustu né heldur að það sé tilbúið að sækja hana með ærnum tilkostnaði sökum búsetu sinnar.

10. Í samantektarkafli (bls. 7) er sérstaklega fjallað um skilgreiningu lágmarksþjónustustigs opinberrar grunnþjónustu fyrir dreifbýli. Stjórn SSNV leggur áherslu á að sú skilgreining verði unnin enda er Norðurland vestra með hátt hlutfall íbúa í dreifbýli og því um mikilvægt hagsmunamál svæðisins að ræða.

Að síðustu vill stjórn SSNV koma á framfæri ánægju með þann rúma umsagnarfræst sem gefinn var í málinu. Alltof oft eru umsagnarfræstir mála mjög knappir sem takmarkar möguleika á raunverulegu og gagnlegu samráði.

Stjórn SSNV áskilur sér rétt til að veita umsögn um málið á seinni stigum og lýsir sig jafnframt tilbúna til samtals við Byggðastofnun og/eða ráðuneyti samgöngu- og sveitarstjórnarmála vegna málsins.

F. h. Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra,



Unnur Valborg Hilmarsdóttir,
framkvæmdastjóri